DHL WORLDWIDE EXPRESS
Nýtt aðalnúmer
5351100

ALÞÝÐUBLAÐIÐ

Þriðjudagur 29. júlí 1997 100. tölublað – 78. árgangur Verð í lausasölu kr. 100 m/vsk

DHL WORLDWIDE EXPRESS
Nýtt aðalnúmer
5351100


■ Alastair MacLennan á ON Iceland:

Tólf tíma gjörningur í Nýló

Tólf tíma gjörningur hefst á hádegi í Nýlistasafninu í dag. Það er írski myndlistarmaðurinn Alastair MacLennan sem stendur fyrir uppákomunni í tengslum við myndlistarsýninguna ON Iceland sem hófst í Nýlistasafninu og í MÍR salnum á laugardaginn. Sýningin í Nýló er aðeins fyrsta sýningin af mörgum sem eiga eftir að opna síðar í mánuðinum í Reykjavík, á Kjarvalsstöðum, Listasafni Íslands, Norræna húsinu og Gallerí 20 fermetrar.

Hreyfing og tími eru þema sýninganna sem, í Nýlistasafninu, eru aðeins opnar um helgar að undanskildum gjörningnum hans MacLennan í dag. Alastair er fæddur í Skotlandi en hefur búið á Norður- Írlandi í tuttugu ár þar sem hann hefur nýverið unnið sér það til frægðar að vera valinn fulltrúi landsins á Tvíæringnum í Feneyjum.

Gjörningur MacLennans í Nýlistasafninu tengist stjórnmálaástandinu á Norður-Írlandi. „Ég tengi hann líka ákveðnum hlutum sem eru einkennandi fyrir Ísland, eins og hrauni," sagði listamaðurinn við Alþýðublaðið þegar hann var beðinn um að segja nánar frá uppákomunni. „Þetta er innsetning sett upp í rými með ákveðnum lifandi þáttum. Hún er ekki beinlínis um hlutina sem settir eru upp heldur um sambandið á milli þeirra. Inn í þetta koma nöfn allra þeirra sem hafa látist í átökunum á Norður-Írlandi frá 1969 og allt til dagsins í dag. Gjörningurinn er eiginlega meira nærvera en uppákoma. Það verður eitthvað þarna, eitthvað mun gerast og leifarnar munu standa uppi í tíu daga."



Helga Þórsdóttir og María Pétursdóttir verða með uppákomu í Nýlistasafninu í tengslum við sýninguna ON Iceland laugardaginn 10. ágúst.

Aðspurður hvort listaverk um ástandið á Norður-Írlandi eigi eitthvð erindi til íslenskra áhorfenda segir hann: „Þó svo efnislega séð fjalli verkið um Írland þá á það að geta náð til fólks hvar sem er. Þetta er ekki aðeins um aðstæður sem eru staðreynd, það eru þarna atriði sem eiga að geta höfðað til hvers áhorfanda."

MacLennan segist ekki ætlast til þess að áhorfendur sé viðstaddir gjörninginn frá upphafi til enda. „Fólk getur komið og farið eins og því þóknast. Það missir enginn af neinum þótt hann sé ekki viðstaddur allan tímann, því gjörningurinn er meira eins og listsýning. Eini munurinn er sá að sýningin er tengist lífinu sjálfu." Hann hváir þegar hann er spurður að því til hvers hann ætlist af áhorfendum. „Ég býst ekki við öðru af þeim en að þeir átti sig á megin þema gjörningsins, á því um hvað hann fjallar. Og að þeir geti tengt það eigin sínum perónulegu aðstæðum."

En hvers vegna tólf tíma gjörningur í stað til dæmis myndbands?

"Ég hef áhuga á eðlilegri tímarás og því að vinna með raunverulegan tíma fremur en ritstýrðan tíma, eins og gert er í gerð myndbands. Þetta eru raunverulegar aðstæður."

Tekur þú gjörninginn þá ekki upp á myndband?

"Jú, auðvitað skráset ég atburðinn."

Þótt Alastair MacLennan sé aðeins einn fjöldamargra erlendra listamanna sem taka þátt í sýningunni ON Iceland neyðist hann til að svara óhjákvæmilegri spurningu tengda komu hans til landsins: "Ég var bara beðinn um að taka þátt. Og svo hef ég mikinn áhuga á íslensku landslagi. Annars er þetta í annað skiptið sem ég kem til Íslands. Ég kom hingað líka í fyrra og kenndi í þrjár vikur við Myndlista- og handíðaskólann."

Sýningin ON Iceland fjallar reyndar öll um tíma og hreyfingu eins og aðalumsjónarmaður verkefnisins, Hannes Lárusson tók fram við Alþýðublaðið. Tímatengd myndlist segir Hannes byrjaði með ljósmyndinni en önnur verk í Nýlistasafninu og þeim sýningunum sem opna síðar í ágúst, eru ýmist unnin á tölvur eða myndband. Loks eru það gjörningarnir á laugardögum, 2. og 9. ágúst, að frátöldum gjörningi Alastair MacLennan í dag frá hádegi til miðnættis.

■ Vikublaðið

Guðlaugur Þór harðneitar

Guðlaugur Þór Þórðarson, nýráðinn útvarpsstjóri Fíns miðils, að hann hafi misnotað aðstöðu sem stjórnarmaður í Menningarsjóði útvarpsstöðva, í þágu nýju vinnuveitendanna.

Vikublaðið sagði í frétt að Guðlaugur hefði, sem formaður Menningarsjóðsins, misnotað aðstöðu sína. Guðlaugur var aldrei formaður.

